FJÖLMENNT

SÍMENNTUNAR- OG ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

# Talmotta – tæki fyrir samtal um viðhorf, óskir, vilja og ákvarðanir







Fróðleiksmoli Fjölmenntar


Fjölmennt ráðgjafardeild

Anna Soffía Óskarsdóttir



Janúar 2021

# Verkfærið Talmotta

- Dökk motta - getur verið lítil þunn dyramotta úr rúmfatalagernum, svart matt spjald eða hvað eina sem afmarkar rýmið fyrir sýnilegu tjáskiptin, jafnvel borðplatan, sé hún nógu vel afmörkuð.
- Grunnspjöld:
  - Já/vil/líkar vel
  - Hlutlaus/alveg sama/ef til vill/veit ekki
  - Nei/vil ekki/líkar illa
  - Málefnið til umræðu




- Táknspjöld eða myndaspjöld sem varða málefnið sem um er rætt, Teikningar s.s. Pec, ljósmyndir, vörulistamyndir eða heimagerðar myndir í samræmi við þarfir hvers og eins og málefnið sem um er rætt.
- Bara að gæta þess að myndirnar séu skýrar og án bakgrunnstruflana
- Grunnspjöldin eru sett við brúnir mottunnar,
  jákvætt í vinstra efra horn, hlutlaust í miðju að ofan og neikvætt í hægra efra horn. Málefnið við neðri brún mottunnar fyrir miðju.
-

Talmottan nýtist vel í námskeiðsmati hjá Fjölmennt.

- Hún getur nýst vel þegar rætt er um mögulegar breytingar; í þjónustu, á heimili, eða á vinnustað
- Einnig við að velja athafnir eða viðfangsefni í vinnu eða tómstundum

# Mottan rammar inn samtalið

Hver spurning eða umræðupunktur rammast af einu spjaldi með tákmynd.

- Hvernig líkaði/líkar þér? - Er þetta skemmtilegt/leiðinlegt – auðvelt/erfitt – gjarnan bent á viðkomandi merki á mottunni og viðmælandinn hvattur til að setja táknmyndina þar sem honum/henni finnst passa




- Valið getur stýrt samtalinu áfram;
  hvað var erfitt við … Svo þú vilt ekki … Já ég trúi að það sé skemmtilegt – vinsælt – auðveldara en … flottast ….
- Eða farið beint í næstu spurningu eða umræðupunkt
- Ath. Þetta er samtal en ekki skoðanakönnun eða yfirheyrsla

## Talmottan styður við tjáningu í hvaða formi sem er.

- Talmottan getur hjálpað þeim sem ekki hafa talmál, en hafa innra mál eða málskilning
- Hún getur hjálpað þeim sem hafa lítið innra formlegt mál, en geta parað saman mynd við hugmynd — Það getur alveg komið á óvart hversu margir geta nýtt hana til að tjá jákvæð og neikvæð viðhorf  eða hugmyndir
- En ekki síður getur hún hjálpað þeim sem hefur talmál, en finnst stundum erfitt að svara spurningum
    - Hún styður við talmálið sem hverfur um leið og orðið eða spurningin er sögð, með því að halda í viðfangsefnið og gefa meiri tíma til að sækja svarið, skipuleggja talmálið eða bara til að spurningin hverfi ekki meðan maður er að hugsa sig um
    - Hún gefur færi á að skipta um skoðun vegna þess að
        - það gefst svo góður tími til að hugleiða hvern samtalsþátt
        - mottan gefur svo góða yfirsýn yfir það sem var rætt




- Það má virkja hvaða leið sem viðmælandinn ræður við, t.d. getur viðmælandinn
    - sett táknið sjálfur þangað sem hann vill
    - sagt samtalsfélaganum hvar eigi að setja táknmyndina
    - bent á staðinn og samtalsfélaginn setur táknið á réttan stað
    - Horft  og sýnt með augnaráði hvar táknmyndin á að fara



## Talmottan er sveigjanlegt hjálpartæki

Netleitin „talking mat“ leiðir ykkur að mörgum góðum hugmyndum um hvernig megi nota mottuna.

- Mörg góð myndbönd sem lýsa notagildinu vel.
- Auðvelt að útbúa heima eða í vinnu/ dagþjónustu—aldrei vanmeta góð tæki sem ekki þurfa rafhleðslu eða skjá
- Til sem app í Ipad eða android snjalltækifyrir þá sem hentar betur að vinna á skjá, en með pappírsmyndir á borði
- Hér eru dæmi um góðar uppsprettur hugmynda:




https://www.talkingmats.com/

https://www.communicationmatters.org.uk/types-of-aac/talking-mats/

https://praacticalaac.org/praactical/talking-mats-a-praactical-tool/